

Ed.

883. Frumvarp til laga

[289. mál]

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. maí.)

Samhljóða þskj. 612 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir stofn- og rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:

a) Ríkissjóður 50%

b) Ríkisútvarp 25%

c) Borgarsjóður Reykjavíkur, bæjarsjóður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Seltjarnarness 25%, sem skiptist í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.

Efna má til samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila um uppfærslur á viðskiptagrundvelli og skulu framlög hljómsveitarinnar í þessu skyni greiddast af rekstrarfé hennar eftir ákvæðum sem setja má í reglugerð, sbr. 11. gr.

12. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.